

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, Klausturhlað, Klausturvegur 3-5, Kirkjubæjarklaustri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. september 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014, frá 26. mars 2003.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæðið (ÍB-1) við Klausturhlað minnkar og er þar gert ráð fyrir 3 íbúðum í stað 10 íbúða. Um 1781 m² íbúðarsvæði við Klausturveg 3-5 breytist í blandaða landnotkun íbúðarsvæðis og athafnasvæðis þar sem gert er ráð fyrir 2 íbúðum og fiskverkun.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. september 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2007